Afritun á Moodle námsumsjónarkerfinu er tvenns konar:

1. Dagleg heildarafritun af Moodle sem inniheldur afritun af Moodle gagnagrunni, Moodle vefsíðu og MySQL grunni.
2. Innri afritun af Moodle, þ.e. Moodle tekur daglegt afrit af þeim áföngum sem hafa breyst frá síðasta afriti.

**Heildarafritun**

Í lok maí ár hvert, þ.e. eftir að skólastarfi lýkur og áður en sumarfjarnám hefst, sem er um miðjan júní, fer fram prófun á heildarafritun á Moodle námsumsjónarkerfinu. Moodle kerfið er sett upp á sérstakan server (miðlara) og prófað. Gengið er úr skugga um að gögn og notendur séu til staðar og að Moodle kerfið virki eins og það á að gera. Eftir að prófun hefur farið fram og góðkennt er Moodle námsumsjónarkerfið uppfært.
Heildarafritun fer fram daglega og sannreynir kerfisstjóri mánaðarlega að afritun hafi farið eðlilega fram. Á hverjum tíma eru til dagleg heildarafrit, mánuð aftur í tímann.

**Innri afritun**

Moodle námsumsjónarkerfið tekur daglega afrit af öllum áföngum sem hafa breyst frá síðustu afritun. Mánaðarlega er áfangi sem hefur tekið breytingum frá síðustu afritun endurheimtur til staðfestingar um að afritun sé í lagi.
Í lok hverrar annar eru fjarnámsáfangar endursettir og um leið tekin afrit af þeim. Stikkprufa er tekin af nokkrum áföngum og endursetning sannreynd.
Moodle námsumsjónarkerfið og heildarafritun eru geymd á sitt hvorum þjóninum á tveimur mismunandi stöðum í húsinu.